

SKÓGARVÖRLURINN Á SUÐVESTURLANDI.

STARFSKYRSLA 1963.

STARFSKYRSLA 1963.

Girðingar:

Lins og undanfarin ár var girðingum Skógræktar ríkisins á Suðvesturlandi haldið við. Stórfelldra viðgerða var hvergi þörf, enda var veturinn 1962 - 1963 snjóléttur og skemmdir af völdum snjóá í minna lagi. Hinsvegar var nauðsynlegum endurbótum á girðingu á Laugarvatnsfjalli, austan Skjálfskvía, skotið enn á frest.

Haukadalsgirðing var endurgirt frá Grjótá og vestur fyrir Skotmannsvörðu á ca. 6 km löngum kafla. Var þetta mikið verk, enda þurfti að skipta um net á löngum köflum og bæta inn í staurum. Gamla girðingin var sett upp sumarið 1938 og hefir staðið sig mjög vel, þegar miðað er við aðstæður allar, svo sem sandburð og sífellt áfok. Flokksstjórn við endurbæturnar á Haukadalsgirðingu annaðist Greipur Sigurðsson Haukadal.

X Ný girðing var sett upp á Mógilsá í Kjalarneshreppi. Nær girðing þessi yfir land Mógilsár og hluta af landi Kollafjarðar. Er girt ofan Vesturlandsvegur frá bænum á Mógilsá út á merki Mógilsár og Esjubergs, en síðan sem næst landamerkjum um Festi og upp yfir Skörð og uppundir Þverfellshyrnu í ríflega 550 m hæð yfir sjó. Síðan var girt þvert undir Þverfellinu og austur yfir Mógilsárbotna austur undir Kollafjarðará en síðan ~~niður~~ með henni niður á grundir, en þaðan er girt skánhallt í gömlu túngirðinguna ofan við Kollafjarðarbæinn. Lengd þessarar girðingar er sem næst 8.5 km. Langmestur hluti hennar liggur í brattri fjallshlíð og er millibil staura aðeins 8 m að meðaltali. Til þess að koma efni, verkferum og mönnum á girðingarstæðið voru ruddir vegir þangað, og eru þeir færir traktor og bifreiðum með drifi á öllum hjólum. Voru alls ruddir vegir og slóðar með jarðýtum 4 - 5 km að lengd. Daglega verksjórn við girðinguna höfðu þeir Vilhjálmur Sigtryggsson og Kristinn Skerfingsson með höndum.

Gróðursetning: 1963

Í skóglendi Skógræktar ríkisins á Suðvesturlandi var gróðursett sem hér segir:

Í Haukadal:

| | | | | | |
|---------------|--------|-----------|-------------|-----|------------|
| 200/1000 | 22.700 | rauðgreni | Rana Korgen | 3/3 | (Vaglir) |
| 6061 5000 pl. | 3.000 | " | G. V. R. K. | 3/3 | (") |
| | 12.000 | " | R. K. E. D. | 2/3 | (Hall.) |

2117 2000
2062 10.000
12.000

| | | | | | | |
|--------------|--------|------------|----------------------|-----|------------|-----------|
| 2114 | 4.500 | rauðgreni | Bergun | 3/2 | (Hall.) | |
| | 2.000 | " | Conters | 3/2 | (") | |
| | 500 | " | Tatra | 1/3 | (") | |
| | 1.825 | " | Grane | 2/4 | (") | |
| 2112 og 2118 | 10.000 | Kínagreni | Umatinski | 3/3 | (") | Umatinski |
| 2111 | 4.925 | sitkagreni | Homer | 2/3 | (") | " |
| | 750 | " | Seward | 2/3 | (Fossv.) | |
| | 250 | bergfura | dönsk <i>alstrup</i> | 3/0 | (") | 2062 |
| | 250 | stafafura | Skagway | 3/0 | (") | |
| | 2.000 | lerki | XGraubünden | 3/0 | (Tum.) | |
| 2114 | 500 | marþöll | Cordova | 3/4 | (Hall.) | |

Auk þess lúpinum úr 10 pokum.

Að Laugarvatni:

| | | | | |
|-------|-----------|-------------|-----|------------|
| 1.300 | rauðgreni | G. V. R. K. | 3/3 | (Vaglir) |
| 1.000 | " | R. K. E. D. | 2/3 | (") |

V- Íslendingareitur á Þingvöllum:

| | | | | |
|-------|------------|---------------|-----|------------|
| 1.400 | hvítgreni | ✓ Lawing | 2/3 | (Hall.) |
| 1.000 | rauðgreni | ✓ G. V. R. K. | 3/3 | (Vaglir) |
| 400 | sitkabast. | ✓ Lawing | 2/3 | (Hall.) |
| 500 | bergfura | ✓ Planes Pyr | 2/2 | (Fossv.) |
| 500 | stafafura | Skagway | 2/2 | (") |

Í Straumsgirðingu:

| | | | | |
|-----------|-------------|------------|-----|-------------|
| 300 | hvítgreni | Lawing | 2/3 | ((Fossv.) |
| 25 | sitkagreni | Homer | 2/2 | (") |
| 100 | bergfura | Planes Pyr | 2/2 | (") |
| 200 | stafafura | Skagway | 2/2 | (") |
| 10 | alaskaespir | | | |
| <u>75</u> | broddfura | | 3/3 | (Hall.) |

Ennfremur sé ég um gróðursetningu í Laugabólsgirðingu:

| | | | | |
|---------|-----------|-------------|-----|------------|
| 1.000 ✓ | rauðgreni | Rana Korgen | 3/3 | (Hall.) |
| 500 ✓ | hvítgreni | P. H. S. | 2/4 | (") |
| 500 ✓ | bergfura | Planes Pyr | 2/2 | (Fossv.) |
| 500 ✓ | stafafura | Skagway | 2/2 | (") |
| 100 ✓ | marþöll | Cordova | 3/4 | (Hall.) |

Í Haukadál gróðursetti flokkur nemenda úr IV bekk Kennarskólans dagana 26. - 28. maí og svo vianuflokkur úr Reykjavík frá 3. júní til 26. júní. Var grisjað fyrir mestum hluta þessarar gróðursetningar jafnóðum. Verkstjóri við gróðursetninguna í Haukadál var fyrst Kristinn Skæringsson en síðan tók Guðmundur Salbergsson við flokkstjórn til júníloka.

Þá var unnið að undirbúningi fyrir gróðursetningu næsta

árs í Haukadál. Var unnið að þessu í ágústmaíuði og grisjaðar rásir að lengd 35.770 km. Breidd þessara rása er sama og síðastliðin ár þ.e. 1.75 m að breidd (en úr miðri rás í miðja næstu 3 m). Í hverja rás eru gróðursettar tvær raðir en milli-bil plantna 1.25 m í röð. Þetta grisjaða svæði mun því nægja undir um 57 þús. plöntur. Grisjunin var öll unnin í ákvæðis-vinnu og greiddar kr. 750.00 fyrir hvern km í rásinni.

Gróðursetningin að þessu sinni var gerð neðan vegar og hófst skammt vestan við vestara Kjaftgilið. Þar var einnig gróðursett ofan vegar í smáspildu. Síðan var gróðursett austur fyrir austara Kjaftgil og allt að þverveginum, sem þar liggur niður. Einnig var gróðursett í spildu neðst með þeim vegi austan Brennigils og kringum gömlu beitarhúsatættturnar. Smá-spilda neðan vegar, undan Kolabrekkum, sem orðið hafði útundan í fyrra, var nú einnig fyllt.

6068
6170

2091. 2117

9.11.1964
39800 m²

Grisjaða svæðið fyrir næsta ár, er allt austan og sunnan þvervegarins, sem áður er nefndur og var ruddur nýr vegur af honum, samsíða veginum inn í börð, en um 250 - 300 m neðar. Flokkstjórn við grisjunina hafði Greipur Sigurðsson með höndum.

Í október og byrjun nóvember var plægt fyrir gróðursetningu allt svæðið milli Beinár og Almenningsár inn að Brennigili. Verkið var unnið með skerpiplóg á jarðýtu frá Ræktunarsambandi Biskupstungna. Skilin var eftir spilda á Kotholti, þar sem áður var gróðursett fura og sáð birkifræi.

Að Laugarvatni gróðursettu nemendur undir stjórn Þórarins Stefánssonar kennara, en á Þingvöllum vinnuflokkur úr Reykjavík.

Í Straumi gróðursettu landnemar.

Vestur á Laugaból fór Egill J. Stardal við annan mann, gróðursetti þar og lagfærði girðinguna.

Vegagerð:

Unnið var lítillega að lagfæringu á vegum í Haukadál en auk þess ruddur smáspotti eins og áður segir vegna grisjunar og gróðursetningar. Brýna nauðsyn ber til þess, að bera ofan í vegi í Haukadál á næsta ári.

Skjólbelti:

Hreinsun á eldri skjólbeltum á Hvítárbakka, Þórustöðum og Gunnarsholti var gerð með illgresislyfjum eins og sumarið 1962 og tókst allvel.

Greidd vinnulætur kr. 231.080.00

Í Gunnarsholti var gróðursett í nýtt belti, jaðarrásirnar og fóru í þær 4.300 viðjur.

Þetta belti er um 1.000 m að lengd og er samsíða fyrri beltum.

Ekkert var gróðursett af greni í skjólbeltin á þessu ári.

Mið mikla áfall, sem allur trjágróður á Suður- og Suðvesturlandi varð fyrir í aprílveðrinu 1963, skemmdi einnig skjólbeltin, en verst varð þó úti skjólbeltið á Þórustöðum. Þingvíðirinn, sem var orðinn 2 - 3 m á hæð kól alveg ofan í rót og um 85% af sitkagreninu (Mac Leod) og sitkabastarðinum (Lawing) er steindautt. Grenið var orðið hæst um 1.60 m. Viðja og birki er að kalla óskemmt.

Í Gunnarsholti fór þingvíðirinn á sömu leið og á Þórustöðum, en sitkagrenið stóð sig þar miklum mun betur og lifir a.m.k. 75% af því, sem komið var á legg.

Í Borgarfirði urðu litlar skemmdir á skjólbeltunum, nema að þingvíðirinn fór illa.

Vöxtur skjólbeltanna var alstaðar lítill, en skárstur í Borgarfirði.

Þess skal getið, að ég skrifaði grein í Ársrit Skógræktarfélags Íslands um skjólbeltatilraunir þær, sem ég hefi haft umsjón með síðan 1957 og á aðalfundi Skf. Íslands, sem haldinn var á Akureyri, flutti ég erindi um skjólbelti.

Ferðalög:

Eftirliti mínu með störfum skógræktarinnar á starfssvæðinu var hagað á svipaðan hátt, og fór ég margar ferðir í því skyni. Auk þess fór ég til eftirlits með skjólbeltum á þá staði, sem tilraunir með þau eru gerðar.

Skemmdir á trjágróðri:

Hinn 9. apríl skall á norðanstórviðri um land allt. Hér sunnanlands höfðu þá verið samfelld hlýindi um tæplega tveggja mánaða skeið. Var allur gróður tekinn að lifna enda hitastig nokkura daga 10 - 15 gráður á C. En aðfaranótt hins 10. apríl fór hitinn niður í + 12 gráður á C. Hitasveiflan hefir því verið um 20 - 22 gráður á 12 tímum. Frosti þessu fylgdi mikil veðurhæð, 8 - 9 vindstig, og stóð versta veðrið í tvo sólarhringa, en samfelldur kuldakafli hélst fram eftir mánuðinum. Var vorið síðan kalt hér sunnanlands og sumarið allt í kaldara lagi.

Bráð

~~Síðast í apríl~~ kom í ljós, að miklar skemmdir höfðu orðið á ýmsum trjágróðri. Einkum voru það alaskaösp, þingvíðir, sitkabastarður og sitkagreni. Má heita að allur þingvíðir hafi drepist ofan í rót á Suðvesturlandi. Hið sama er að segja um Alaskaöspina og sitkabastarðinn. Einkum er þetta á svæðinu sunnan Esju og um lögstu sveitir Árnessýslu. Öspin er þó all misjöfn, má sem dæmi nefna að í Laugadal, t.d. Hjálmsstöðum, hefir hún drepist en er allvel lifandi í Grímsnesi (við Álftavatn) og á Þingvöllum. Sitkagreni hefir galdið mikið afhroð og eru vanhöld að koma í ljós ennþá. Erfitt er að gera upp á milli kvæma ennþá, en suðlægari kvæmin eins og Cordova og Juneau (Fossvogur) hafa lítt látið á sjá. Uppsveitir Árnessýslu sluppu betur en lög-sveitirnar og gróðursetningar hér vestan heiðar. Þó má geta þess, að gróður í Heiðmörk slapp vonum framur við skemmdir, nema á skýldustu blettunum t.á. Vífilsstabahlíð.

Hið þurra og kalda vor og svo sumarið allt sem var að hitastigi langt undir meðallagi, hafa ávefa átt þátt í því, hve skemmdirnar af aprílveðrinu urðu miklar.

Ymislegt:

Bifreiðin R - 6656 var notuð við gróðursetningarnar í Haukadal í maí og í júní en í júlí við störf vegna skjólbelta tilraunanna. Í ágúst, september og októbermánuði var hún notuð við girðingarvinnu á Mógilsá. Þrá miðjum november til jóla var hún á leigu hjá Landgræðslusjóði vegna jólatrjáasölu sjóðsins.

Bifreiðin var endurbætt mjög fyrri hluta ársins. Sett í hana dieselvél og húsi hennar breytt og undirvagn yfirfarinn og allt annað lagfært og endurnýjað sem með þurfti. Reyndist hún mjög vel í sumar við hinar erfiðustu aðstæður.

Eins og undanfarin ár, sá ég um afgreiðslu á girðingarefni fyrir Skógrækt ríkisins í Reykjavík.

Reykjavík 27/1. 1964

E. J. E. Samund